

Ályktun um tóbak og nikótín

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, haldinn 17. mars 2025, skorar á stjórnvöld að koma á stefnu í tóbaks- og nikótínvörnum, sem felur í sér tímasetta aðgerðaráætlun, með það að markmiði að vernda börn og ungmenni þjóðarinnar.

Greinargerð:

Stjórnvöld skrifuðu undir rammasamning við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina um tóbaksvarnir árið 2004. Samkvæmt honum ber stjórnvöldum meðal annars að koma á stefnu í tóbaksvörnum. Mikið starf var unnið til að marka stefnu í tóbaksvörnum og koma á aðgerðaáætlun á sínum tíma. Þessi stefna tók aldrei gildi, né fór í umfjöllun innan þingsins. Nú er mikilvægara en nokkru sinni að leggja í vinnu við að útbúa stefnu í tóbaksvörnum með tímasettri aðgerðaáætlun, þar sem aukning er á neyslu nikótínvara og það sérstaklega meðal ungmenna.

Stefna í tóbaks- og nikótínvörnum þarf m.a. að fela í sér:

- reglur um neyslu varanna
- leiðir til að draga úr aðgengi
- hækkun kaupaldurs
- hækkun opinberra gjalda á vörurnar
- verndun fólks fyrir reyk af vörnum
- aðstoð við fólk við að hætta notkun varanna
- herða bönn við auglýsingum, kynningum og stuðningi tóbaksfyrirtækja og ekki síst á samfélagsmiðlum
- markvissri fræðslu til almennings um áhrif varanna á heilsu landans
- að tryggja eftirlit með sölu og innihaldi varanna og hækka refsingu fyrir brotum á lögnum

Á Íslandi eru tvenn lög um tóbaks- og nikótínvarnir, annars vegar lög um tóbaksvarnir og hins vegar lög um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Markmið þessara laga er mjög ólíkt, en markmið með lögum um tóbaksvarnir frá 31. janúar 2002 „er að draga úr heilsutjóni og dauðsföllum af völdum tóbaks og tengdra vara, m.a. með því að minnka tóbaksneyslu og vernda þannig fólk fyrir áhrifum tóbaksreyks. Sérstaklega skal unnið gegn tóbaksneyslu barna og ungs fólks og takmarka framboð á tóbaki og eftirlíkingu af tóbaki sem sérstaklega er ætlað að höfða til þeirra. Virða skal rétt hvers manns til að þurfa

ekki að anda að sér lofti sem er mengað tóbaksreyk af völdum annarra. Þeir sem bera ábyrgð á barni skulu stuðla að því að það njóti réttar skv. 2. mgr., einnig þar sem reykingar eru ekki bannaðar skv. III. kafla þessara laga.”

Markmið með lögum um nikótínvörur, rafrettur og áfyllningar fyrir rafrettur frá 25. júní 2018 „er að veita heimildir til innflutnings, sölu, markaðssetningar og notkunar nikótínvara, rafrettna og áfyllinga fyrir rafrettur og tryggja gæði og öryggi nikótínvara, rafrettna og áfyllinga fyrir rafrettur á markaði og tryggja með tiltækum ráðstöfunum að börn hvorki kaupi né noti nikótínvörur og rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur”.

Þessi lög þarf að sameina og fella allar nikótínvörur, sem ekki eru skilgreindar sem lyf, undir tóbaksvarnarlög. Í þessum sameinuðu lögum verði einnig tekin ný öflug skref í tóbaks- og nikótínvörnum.

Þegar horft er til landanna í kringum okkur í tóbaks- og nikótínvörnum, þá er verið m.a. að setja bann við netsölu, koma sölunni í sérsverslanir, takmarka leyfi fyrir sölu á vörunum, hækka álögur, koma á einsleitum pakkingum, minnka hámarks skammt á nikótíni í vörunum, banna bragðefni, hækka kaupaldur, styðja við meðferð til að hætta neyslu varanna og koma á markvissum herferðum til að „byrgja brunninn” og stuðla að því að börn og ungmenni hefji ekki neyslu á vörunum. Ljóst er að Íslendingar eru að dragast aftur úr nágretta þjóðum okkar hvað varðar tóbaks- og nikótínvarnir og því er brýnt að koma á stefnu í málafloknum sem fyrst og gera allt sem í okkar valdi stendur til að vernda börn og ungmenni fyrir tóbaks- og nikótínvörum.